



FÉLAG PÍPULAGNINGAMEISTARA

Vinna við dreifikerfi

Athugið: Þessar leiðbeiningar eru ætlaðar til að veita almennar upplýsingar og útskýringar fyrir neytendur. Félag pípulagningameistara tekur enga ábyrgð á tjóni sem getur orðið vegna rangrar meðhöndlunar eða framkvæmda á hitakerfum. Við vandamál eða óvissu, leitið alltaf til löggilts pípulagningameistara.

Hvað er dreifikerfi?

- Dreifikerfi er kerfi sem flytur heitt vatn frá veitufyrirtæki til húsnæðis til að hita það upp og er beintengt við hitakerfið í húsnæðinu.
- Við viðgerðir og viðhald á dreifikerfinu geta komið upp truflanir í hitakerfi húsnæðis þegar vatni er hleypt aftur á dreifikerfið.

Algengar truflanir:

- Óhreinindi í inntakssíu
- Loft í hringrásardælu
- Bilun í þrýstijafnara

Mikilvægt að vita:

- **Það er mjög mikilvægt að þekkja hitakerfið sitt og vita hvar stofnlokar/inntakslókar eru staðsettir.**
- Ef þú ert ekki viss hvernig hitakerfið virkar og hvar stofnlokar/inntakslókar eru getur þú fengið löggiltan pípulagningameistara hjá Félagi pípulagningameistara – piparinn.is

Fylgja leiðbeiningunum í réttri númeraröð til að koma í veg fyrir tjón og truflanir:

1. Fylgjast með tilkynningum veitufyrirtækja um fyrirhugaða lokun á heitu vatni.
2. Loka fyrir stofnloka/inntaksloka á heitu vatni rétt fyrir fyrirhugaða lokun á heitu vatni.
3. Loka fyrir loka á bakrás (retúr) til að halda vatni inni á hitakerfinu.
4. Slökkva á hringrásardælum, ef við á.

Eftir að viðgerð er lokið og vatn komið aftur á dreifikerfið:

5. Þegar vatni er hleypt aftur á dreifikerfið er **MIKILVÆGT** að opna fyrst fyrir loka á bakrás og síðan fyrir stofnloka/inntaksloka.
6. Skrúfa frá heitu neysluvatni (t.d. eldhús- eða skolvask) og láta vatn renna í 30 sekúndur eða þar til loft er farið úr lögnum. (Þar sem er varmaskiptir bíða eftir nægu hitastigi úr krana.)
7. Kveikja á hringrásardælum, ef við á.
8. Ef hitakerfið virkar ekki, athuga hvort óhreinindi séu í inntakssíu eða þrýstijafnari hættur að virka.
9. Ef ekki er hægt að koma hitakerfinu í gang er hægt að finna pípara á piparinn.is
10. Fylgjast vel með hitakerfinu eftir að það er komið í gang. Athuga með leka og hvort kerfið virkar rétt.

Til nánari skoðunar:

- [Leiðbeiningar](#) frá Félagi pípulagningameistara, Samtökum fjármálafyrirtækja og Samtökum iðnaðarins eru mikilvægar fyrir húseigendur.
- Með því að þekkja lagnakerfið, viðhalda því og bregðast rétt við óvæntum atvikum er hægt að fyrirbyggja eða takmarka tjón.
- Hér er einnig að finna [ráðleggingar](#) varðandi varnir gegn frostskegndum ef bilun verður á dreifikerfi yfir vetrartímann.